

Miðvikudaginn 13. jan. 1932.

Nr. 117/1931. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Pálma Sveini Pálmasyni

(Magnús Guðmundsson).

Brot gegn 10. gr. áfengisлага nr. 64, 1930.

Dómur lögregluréttar Neskaupstaðar 27. júní 1931: Ákærður, Pálmi Sveinn Pálmason, greiði 1000 króna sekt í rikissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað 45 daga einföldu fangelsi. Auk þess greiði kærður innan sama tíma 200 króna aukagjald í rikissjóð af fimm lítrum áfengis enda sé áfengið eign rikissjóðs.

Loks greiði kærður allan kostnað af máli þessu, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi kom frakkneskt fiskiskip til Norðfjarðar hinn 31. maí f. á. Fór kærði um borð í skip þetta um kvöldið kl. 12—1 með bréf til skipverja eftir því sem hann hefir skýrt frá, en jafnframt hafði hann með sér 5 görfuð skinn og ein gúmmistígvél, er hann ætlaði sér að selja. Kveður hann að einn skipverja hafi falast eftir skinnunum og stígvélunum, en þar eð hann ekki hafi haft peninga til að kaupa fyrir hafi það orðið að samningum milli þeirra, að hann léti skinnin og stígvélin fyrir 6 flöskur af frönsku brennivíni, en er í land kom og lögreglan tók flöskurnar reyndust þær þó eigi fleiri en 5, og ætlar kærði, að skipverjar hafi haft af sér eina flöskuna. Áður en kaup þessi gerðust hafði lögreglustjóri farið um borð í skipið, en hafði þó látið hjá líða að innsigla áfengisforða skipsins.

Kærði hefir eigi áður verið dæmdur fyrir brot á áfengislöggjöfinni, og hefir neitað því að hann hafi ætlað sér að selja eða veita öðrum fyrir borgun nokkuð af áfengi þessu.

Þessi verknaður kærða verður eigi talinn falla undir 5. gr. laga nr. 64, 19. maí 1930, með því að þar virðist vera átt við aðstoð við ólöglegan innflutning annars manns á áfengi, heldur ber að heimfæra brot þetta undir 10. gr. nefndra laga, og ákveðst refsing hans samkvæmt 31. gr. sömu laga 200 kr. sekt í rikissjóð, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, fáist hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Um upptöku áfengisins og um málskostnað í héraði á hinum áfrýjaða lögregluréttardómi að vera óraskað. Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningsslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, er ákveðast 60 kr. til hvors.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Kærði, Pálmi Sveinn Pálmason, greiði 200 kr. sekt í rikissjóð, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, fáist hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Um upptöku áfengisins og um málskostnað í héraði á lögregluréttardóminum að vera óraskað. Ennfremur greiði kærði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningsslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflytningssmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Magnúsar Guðmundssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Pálma Sveini Pálmasyni kaupmanni hér í bænum fyrir brot á áfengislögum frá 1930. Eru málavextir sem hér greinir.

Sunnudaginn 31. maí síðastliðinn kom hingað frönsk skúta, Manon að nafni. Um nóttina fór kærður um borð í skútu þessa og er hann kom í land aftur tók lögreglan af honum fimm pottflöskur af frönsku brennivíni (eau de vie), er hann hafði meðferðis. Undir rannsókn málsins hefir kærði játað að hafa keypt þessar fimm brennivisflöskur af skipverja einum á Manon fyrir fimm görfuð skinn og ein stígvél. Hinsvegar hefir kærði hvorki getað tilgreint nafn skipverja þessa né skýrt frá útliti hans, svo hægt væri að þekkja hann aftur, vegna þess hve skuggsýnt hafi verið frammi, þar sem kaupin voru gerð.

Kærður hefir haldið því fram, að hann hafi ekki ætlað að selja eða veita öðrum fyrir borgun neitt af áfengi þessu, heldur gefa það skipverjum á vélbátnum Gylli til að hafa með í útilegutúr til Langaness. En kærður hefir ekki fært frekari líkur eða sannanir fyrir að hann hafi keypt vínið í þessu skyni.

Kærður hefir samkvæmt framansögðu gjörzt sekur um brot á 5. gr. laga nr. 64 frá 19. maí 1930. Eigi hefir kærður áður sætt sekt eða refsingu fyrir brot gegn áfengislög-gjöfinni. Þykir refsing sú, er kærður hefir tilunnið samkvæmt 29. gr. og 27. gr. nefndra áfengislaga hæfilega ákveðin 1000 króna sekt í rikissjóð, er afplánist með 45 daga einföldu fangelsi fáist hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Hið ólöglega vín er upptækt og eign rikissjóðs.

Auk þess greiði kærður 40 króna aukagjald af fimm lítrum af áfengi eða kr. 200.00 í rikissjóð, innan sama tíma og sektin. Loks greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.